

Ár 2014, miðvikudaginn 26. febrúar kom stjórn SSNV saman til fundar að Faxatorgi 1 á Sauðárkróki, kl. 10:00.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Almenningsamgöngur.
2. Menningarmál.
3. Ársþing SSNV 2014.
4. Samgönguáætlun – erindi.
5. Bréf og kynntar fundargerðir.
6. Önnur mál.

#### Afgreiðslur:

- 1) Almenningsamgöngur.  
Kynnt bráðabirgðarekstrarniðustaða ársins 2013.  
Einnig liggja fyrir drög að sumaráætlun. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá áformum um að hitta akstursaðila og yfirfara málefni varðandi þjónustu og sumaráætlun.
2. Menningarmál. Formaður gerði grein fyrir fundi í menntamálaráðuneyti 18. febrúar sl. varðandi endurnýjun menningarsamnings. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti menningarsamningar verða endurnýjaðir þar sem vinnu við Sóknaráætlun og útfærslu hennar er ekki lokið. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að upplýsa sveitarfélög á starfssvæði SSNV um stöðuna og óska eftir formlegum svörum frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti með hvaða hætti standa skuli að úthlutun fjármuna til menningarmála. Afrit af erindinu verði sent þingmönnum kjördæmisins og forsætisráðherra, svo og ráðherrum í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.
3. Ársþing SSNV 2014. Ársþing SSNV 2014 mun fara fram í Húnaþingi vestra. Ákveðið að þingið verði haldið fimmtudaginn 16. október og föstudaginn 17. október.
4. Samgönguáætlun – erindi.  
Fyrir liggur bréf, dags. 10. febrúar 2014, frá Innanríkisráðuneytinu varðandi endurskoðun samgönguáætlunar 2015 – 2026 og samráð vegna þess. Fyrirhugað er að halda fundi í öllum landshlutum fyrir páska. Samþykkt að senda erindið áfram til sveitarfélaganna á starfssvæðinu, ásamt ályktunum ársþings SSNV varðandi málaflokkinn. Óskað verður eftir ábendingum frá sveitarfélögum vegna umsagnar SSNV en sveitarfélögum verður jafnframt bent á að senda Innanríkisráðuneytinu umsagnir ef þau kjósa svo.
5. Umsagnir þingmála, bréf og kynntar fundargerðir.

#### Umsagnir:

- a) Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 216. mál.

<http://althingi.is/alttext/143/s/0278.html>. Lögð fram.

b) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 237. mál. Lögð fram til kynningar.

c) Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017. 256. mál.

<http://www.althingi.is/alttext/143/s/0468.html>

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar. Formanni falið að ganga frá umsögn SSNV í samræmi við umræðu á fundinum, ályktanir ársþings SSNV og fyrri ályktanir stjórnar.

d) Tillaga til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum, 276. mál.

<http://althingi.is/alttext/143/s/0530.html> Lögð fram.

e) Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 277. mál. <http://althingi.is/alttext/143/s/0532.html>. Lögð fram.

f) Frumvarp til laga um umferðarlög, 284. mál. <http://althingi.is/alttext/143/s/0552.html>

g) Stjórn SSNV barst umsagnarbeiðni þann 17. janúar sl. um þingsályktunartillögur, 250. og 251. mál er varða framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði og breytingu á lögregluögum, fækkun og stækkun lögreglu- og sýslumannsumdæma.

<http://www.althingi.is/alttext/143/s/0458.html> og

<http://www.althingi.is/alttext/143/s/0459.html>

Stjórn samþykkti eftirfarandi umsögn í tölvupósti til að ná skilafresti:

„ Stjórn SSNV fagnar því sérstaklega að í frumvörpunum sé miðað við að á Norðurlandi vestra verði sjálfstæð sýslumanns- og lögregluumdæmi, líkt og heimamenn hafa lagt svo mikla áherslu á. Þá ber að fagna áherslu á svæðisbundið samráð og áformum um að styrkja embættin með frekari verkefnum af ríkisins hálfu. Bent er á að þá sé horft sérstaklega til veigameiri verkefna sem jafnframt gera ríkari hæfnis- og menntunarkröfur til starfsfólks en ekki eingöngu til einfaldari þjónustu- og fjarvinnsluverkefna eins og gefið er í skyn. Sérstaklega er minnt á mikla fækkun opinberra starfa á Norðurlandi vestra sem er langt umfram það sem verið hefur í öðrum landshlutum undanfarin ár. Gæta þarf þess í hvívetna að engar breytingar verði gerðar á þjónustu og aðgengi að henni sem rýri búsetuskilyrði á svæðinu eða dragi úr öryggi íbúa hvað varðar löggæslu eða viðbrögð við hættuástandi þegar slíkar aðstæður skapast. Ein af grundvallarforsendum þess er að á NV vestra séu sjálfstæð sýslumanns- og lögreglu umdæmi ásamt héraðsdómi Norðurlands vestra sem þjóni landshlutanum. Stjórn SSNV styður í aðalatriðum bæði frumvörpin og þá ekki síst fyrir þær sakir að staðfest verður með lögnum staða Norðurlands vestra sem sjálfstæðs stjórnsýslu- og þjónustusvæðis hvað varðar sýslumanns- og lögregluumdæmi.“

Bréf:

g) Fyrir liggur tölvupóstur frá Einari Jónssyni, dags. 24. febrúar 2014. Í tölvupóstinum er hvatt til þátttöku í fyrirhugðum kynningar- og samráðsfundum í tengslum við auglýsingu á Lýsingu Landsskipulagsstefnum 2015 – 2016.

Stjórn SSNV lýsir undrun yfir því að Norðurland vestra skuli vera eini landshlutinn þar sem ekki er fyrirhugað að halda fund vegna málsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir að haldinn verði fundur vegna málsins á Norðurlandi vestra líkt og öðrum landshlutum.

h) Fyrir liggur bréf frá Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 5. febrúar 2014 varðandi námsmat í grunnskólum. Lagt fram til kynningar.

i) Framkvæmdastjóri kynnti fyrirbyggjandi tölvupósta frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. janúar 2014 og frá Klöru E. Finnbogadóttur, sérfræðingi í skólamála hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 7.

febrúar 2014 og 14. febrúar 2014. Í tölvupóstunum er þess farið á leit að landshlutasamtök aðstoði við undirbúning og framkvæmd landshlutafunda um eflingu leikskólastigsins. SSNV mun aðstoða við verkefnið með þeim hætti sem óskað er eftir í tölvupóstunum.

Fundargerðir:

- j) Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra 12. febrúar 2014. Fundargerðinni fylgja þrjár kynningarskýrslur sem unnar voru af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ofl. um þarfagreiningu námsframboðs á Norðurlandi vestra, niðurgreint eftir sýslum. Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir viðkomandi gögnum sem lögð eru fram til kynningar.
- k) Markaðsskrifstofa Norðurlands ses., dags. 3. desember 2013. Lögð fram til kynningar.
- l) Markaðsskrifstofa Norðurlands ses., dags. 14. janúar 2014. Lögð fram til kynningar.
- m) Lögð fram til kynningar fundargerð 812. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. janúar 2014.
- n) Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Eypings, 250. fundar dags. 11. desember 2013 og 251. fundar dags. 29. janúar 2014.
- o) Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 10. janúar 2014.
- p) Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SASS, 475. fundar dags. 16. desember 2013 og 476. fundar dags. 31. janúar 2014.
- q) Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SSA, 4. fundar dags. 4. febrúar 2014 og 3. fundar dags. 10. desember 2013.
- r) Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SSV, dags. 18. desember 2013 og dags. 10. febrúar 2014.

#### 6. Önnur mál.

a) Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóhannesi Tómassyni upplýsingafulltrúa í Innanríkisráðuneytinu, dags. 21. febrúar 2014, þar sem óskað er eftir því að fram fari kynningarfundur um þingsályktunartillögur um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði og breytingu á lögreglulögum, fækkun og stækkun lögreglu- og sýslumannsumdæma. Jóhannes leggur til að fundurinn fari fram í Skagafirði þann 20. mars nk.

Stjórn SSNV samþykkir framkomna tillögu um fundardag og staðsetningu.

Sjá nánar umfjöllun umviðkomandi mál í lið 5. g) í fundargerð þessari og vefslóðir:

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0458.html> og

<http://www.althingi.is/altext/143/s/0459.html>

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:45